Fjármálastjóri

Starf fjármálastjóra hjá Rafveitu Hafnarfjarðar er laust til umsóknar. Óskað er eftir að umsækjandi hafi viðskiptafræðimenntun eða góða starfsreynslu við bókhald.
Laun eru samkvæmt launaflokki B-21.
Umsóknum skal skila á sérstökum eyðublöðum fyrir 20. júní n.k. til rafveitustjóra, sem veitir nánari upplýsingar um starfið.

Rafveita Hafnarfjarðar.

Ráðningarstofa Reykjavíkurborgar

óskar eftir að

ráða fulltrúa til að annast atvinnumál öryrkja

Umsóknir um starfið skulu sendar Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, Borgartúni 1, og skal í umsókn tilgreina menntun og fyrri störf.
Nánari upplýsingar um starfið eru gefnar á Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar.
Umsóknarfrestur er til 25. júní n.k.

Ráðningarstofa Reykjavíkurborgar.

Tilboð óskast

í eftirtaldar bifreiðar í tjónsástandi.

Ford Econoline	'74
Fiat 128 Rallý	'74 og '75
Fiat 128	'74
Peugeot 504	'72
Moskvitch	'71
Daf fólksbíll	'70
Fiat 127	'72

Bifreiðarnar verða til sýnis við skemmu FÍB Hvaleyrarholti laugardaginn 11. júní frá kl. 13-17.
Tilboð óskast send aðalskrifstofu Laugavegi 103 fyrir kl. 17 mánudaginn 13. júní.

Brunabótafélag Íslands Laugavegi 103.

Smiðir óskast

Óskum eftir að ráða nokkra smiði. Uppl. í síma 52595.

Verslunarhúsnæði óskast

Verslunarhúsnæði á Grensás-, Ármúla- eða Síðumúlasvæði óskast strax. 100-150 ferm. Helst á jarðhæð. Tilboð um stað og kjör sendist dagblaðinu Vísi merkt „X-2525".


Útboð

Utanhússmálning Keflavík

Tilboð óskast í málningu fjölbýlishúss við Faxabraut 25-27 og Sólvallagötu 38-40 í Keflavík. Útboðsgagna má vitja hjá Valgeiri Sighvatssyni Sólvallagötu 40 Keflavík og hjá verkfræðistofunni Borgartúni 29 Reykjavík gegn 5000 kr. skilatryggingu.

Teiknaði sýningargesti fyrir eina krónu

Sigurður Thoroddsen verkfræðingur opnar fjórðu einkasýningu sína á laugardaginn að Kjarvalsstöðum



Sigurður Thoroddsen við skopmynd af Árna Pálssyni verkfræðingi. Mynd JA

„Ef maður hefur gaman af einhverju hefur maður alltaf tíma til þess að sinna því", sagði Sigurður Thoroddsen verkfræðingur í samtali við Vísi, en hann hefur verið afkastamikill málari samhliða því sem hann hefur rekið stóra verkfræðistofu.

Sigurður opnar á laugardaginn sýningu á myndum sínum að Kjarvalsstöðum. Hann sýnir þar um 200 vatnslitamyndir og teikningar, sem hann hefur gert á 65 ára tímabili. Elsta myndin er frá árinu 1912, en hana málaði Sigurður af útsýninu út um svefnherbergisgluggann sinn þegar hann var 10 ára gamall.

Pólitískar skopmyndir

Á sýningunni eru nokkrar skopmyndir sem Sigurður teiknaði á árunum í kringum 1940. Þeirra á meðal eru myndir af Ólafi Thors, Bjarna Benediktssyni og Halldóri Laxness.

„Ég byrjaði að teikna skopmyndir eftir að austurríkismaðurinn Strobl kom hingað. Hann teiknaði mikið skopmyndir og þannig kynntist ég þessu," sagði Sigurður.

„Þetta var á Þjóðstjórnarárunum og þá var lítið að gera á verkfræðistofunni. Ég notaði þá tímann til þess að teikna. Ég á ennþá milli eitt og tvöþúsund skopmyndir af fólki.


Á þessum tíma teiknaði ég nokkuð af skopmyndum fyrir Þjóðviljann. Þær voru allar pólitískar.

Ég hélt einu sinni sýningu á þessum myndum mínum og voru á þeirri sýningu teikningar af hátt á annað hundrað manns. Á sýninguna komu 1850 manns, en í þá tíð þótti gott ef 200 komu á sýningar. Þarna seldi ég þrjár myndir. Auk þess teiknaði ég þá sem vildu, á meðan á sýningunni stóð, og kostaði það eina krónu".

Þetta er fjórða einkasýning Sigurðar. Hann útskrifaðist verkfræðingur frá Polyteknisk Læreanstalt í Kaupmannahöfn árið 1927. Í myndlist hefur hann sótt nokkur námskeið. Hann hefur nú látið alveg af verkfræðistörfum, en eins og hann segir sjálfur: „Ég hef nóg að gera".

—SJ

Fékk salinn aðeins fyrir vatnslitamyndir



Jón Gunnarsson.

„Ég fékk ekki leyfi hjá Listráði til þess að sýna annað en vatnslitamyndir, svo ég tók því fremur en að sleppa þessu alveg. Annars hef ég aðallega fengist við olíumálverkin," sagði Jón Gunnarsson listmálari í samtali við Vísi.

Jón opnar á laugardaginn sýningu á 76 vatnslitamyndum á Kjarvalsstöðum. Þetta er 8. einkasýning hans, en auk þess hefur hann tekið þátt í mörgum samsýningum. Til dæmis er hann um þessar mundir með 3 stórar olíumyndir á sýningu í Svíþjóð. Síðast sýndi Jón hér heima í Iðnskólanum í Hafnarfirði árið 1973.

Sýning Jóns að Kjarvalsstöðum verður opin til sunnudagskvölds 19. júní, kl. 2-10 alla daga nema mánudaga.

Gott verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði til leigu!

Til leigu er um 135 ferm húsnæði við eina mestu umferðargötu borgarinnar. Húsnæði þetta er að hluta á annarri hæð, en vegna mjög góðrar og áberandi staðsetningar og stórra sýningarglugga kemur það jafnt til greina fyrir verslunarrekstur (t.d. húsgagnaverslun, byggingavöruverslun, heimilistækjaverslun eða véla- og varahlutaverslun) sem skrifstofu- eða iðnrekstur. Húsnæðið skiptist í 90 ferm sal, 20 ferm. herbergi (viðarklætt) og 25 ferm. herbergi auk salerna. Lofthæð í húsnæðinu er yfir 3m. Húsnæðið er óvanalega bjart. Langur leigusamningur kemur til greina. Ennfremur stækkunarmöguleikar síðar. Húsnæðið er laust og getur afhending á því farið fram strax. Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 18820 á skrifstofutíma.